

1 Upplýsingar um umsækjanda

Nafn Kennitala Heimili Póstnúmer Staður Netfang Sími - Gsm

Bankanúmer - höfuðbók - reikningsnúmer.

Athugaðu að reikningur þarf að vera á nafni umsækjanda. Allar útgreiðslur LSR munu greiðast á þennan bankareikning. Ef þörf er á getur þú breytt bankaupplýsingum þínum síðar á Mínum síðum LSR.

Er umsækjandi öryrki Já Nei Tengslvið sjóðfélaga Maki Barn Önnur tengsl, hver:

2 Upplýsingar um sjóðfélaga

Nafn Kennitala Dánardagur

3 Staðgreiðsla skatta

Staðgreiða skal skatt af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launagreiðslur sé að ræða. Það er ábyrgð lífeyrisþega að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi skattgreiðslur eiga að vera og um rétta nýtingu persónuafsláttar. Veldu eitt af skattþrepunum hér fyrir neðan eða skráðu mánaðarlegar skattskyldar tekjur þínar frá öðrum en LSR.

Skattþrep 1 (31,48% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur að kr. 446.136)

Skattþrep 2 (37,98% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur frá kr. 446.137 og að kr. 1.252.501)

Skattþrep 3 (46,28% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur yfir kr. 1.252.501)

Ég óska eftir því að skattþrep miðist við aðrar mánaðarlegar tekjur. Aðrar mánaðarlegar tekjur kr. :

Hlutfall: Frá hvaða dagsetningu:

Eftir andlát annars hjóna/sambúðaraðila (sem uppfylla skilyrði fyrir samsköttun), er eftirlifandi maka heimilt að nýta persónuafslátt hins látna í níu mánuði, talið frá og með andlátsmánuði.

Nýta eigin persónuafslátt hjá LSR: %Nýta persónuafslátt maka hjá LSR: %Ég vil nýta persónuafslátt maka í sama hlutfalli og hann var með hjá LSR

4 Barnalífeyrir

Börn yngri en 18 ára ef sótt er um barnalífeyri úr B-deild og ESÚÍ

Börn yngri en 22 ára ef sótt er um barnalífeyri úr A-deild. Sé barn eldra en 18 ára þarf að gefa sjóðnum upplýsingar um bankareikning þess.

Nafn Kennitala Bankareikningur

Sé rétthafi ólögráða óskast upplýsingar um forráðamann:

Nafn Kennitala

Meðaltalsregla

Lífeyrisgreiðslur taka sömu breytingum og verða að meðaltali á föstum dagvinnulaunum hjá opinberum starfsmönnum. Hagstofa Íslands reiknar út þessar breytingar mánaðarlega.

Eftirmannsregla

Viðmiðunarlaun eru þau dagvinnulaun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast.

5 Val á milli meðaltalsreglu og eftirmannsreglu, fyrir B-deild LSR

Hafi sjóðfélagi verið í starfi sem veitti aðild að sjóðnum við andlát eða verið lífeyrisþegi á eftirmannsreglu við andlát, getur maki sótt um að makalífeyrisgreiðslur breytist eftir eftirmannsreglu eða meðaltalsreglu. Ef sjóðfélagi var hvorki virkur greiðandi í sjóðinn né orðinn lífeyrisþegi við andlát breytast makalífeyrisgreiðslur eftir meðaltalsreglu.

LSR vill beina því til umsækjanda að leita upplýsinga og ráðgjafar hjá starfsmönnum eftirmannsreglu eildar við val milli eftirmannsreglu og meðaltalsreglu.

Ég vel meðaltalsreglu.

Ég vel eftirmannsreglu.

Ég mun senda lífeyrissjóðnum útfyllt eyðublað „Val um meðaltals- eða eftirmannsreglu“ innan þriggja mánaða.

Umsækjandi sem ekki velur reglu innan þriggja mánaða frá upphafi lífeyristöku fær greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu nema að maki hafi verið á eftirmannsreglu við andlát. Þá mun makalífeyrir fylgja áfram eftirmannsreglu.

Umsækjandi sem velur eftirmannsreglu getur síðar valið að fá greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu. Sú ákvörðun tekur gildi þremur mánuðum eftir að umsókn berst sjóðnum. Eftir það er ekki hægt að skipta úr meðaltalsreglu yfir á eftirmannsreglu.

6 Launaviðmið skv. hærra launuðu starfi fyrir á sjóðfélagatímanum, fyrir B-deild LSR

Sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi (en lokastarf) í meira en 10 ár á sjóðfélagatímanum.

Sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi (en lokastarf) þegar rétti á lífeyristöku var náð.

Sjóðfélagi lét af hærra launuðu starfi (en lokastarf) af heilsufarsástæðum. Skila þarf inn læknisvottorði því til staðfestingar.

Ef hakað er í eitthvað af ofantöldu þá skal fylla hér inn upplýsingar um hærra launaða starfið

Starfsheiti

Nafn vinnuveitanda

Tímabil

Annað sem þú vilt koma á framfæri:

Réttur á hærri viðmiðunarlaunum

Viðmiðunarlaun lífeyris eru almennt þau dagvinnulaun sem sjóðfélagi hafði við starfslok. Þrjár undanteikningar geta verið á því:

- Ef sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum, skal miða við hæst launaða starfið, hafi hann verið í því að lágmarki í tíu ár. Annars er miðað við það starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum, gegndi í að minnsta kosti tíu ár.
- Ef sjóðfélagi hafði öðlast rétt til að hefja töku lífeyris en ákveðið að fresta því og tekið eftir það við lægra launuðu starfi en það sem hann var í áður, skal miða lífeyrinn við starfið sem var hærra launað.
- Ef sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi en þurfti af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni og tók við öðru lægra launaðra starfi skal miða lífeyrinn við hærra launaða starfið.

7 Undirritun, umboð og áskilnaður um endurkröfurétt

Ég hef lesið og samþykki eftirfarandi:

Með undirritun minni veiti ég lífeyrissjóðnum fullt umboð til að afla allra nauðsynlegra upplýsinga og gagna frá þjóðskrá og vinnuveitanda ef við á. Fullur makalífeyri í A-deild LSR er helmingur af áunnum réttindum hins látna og greiðist hann í þrjú ár. Hálfur makalífeyrir greiðist í tvö ár til viðbótar. Hafi eftirlifandi maki börn sín og hins látna á framfæri er makalífeyrir greiddur þar til yngsta barnið nær 22 ára aldri. Eftirlifandi maki sjóðfélaga í B-deild LSR á rétt á ævilöngum makalífeyri en fellur niður ef makinn gengur í hjónaband að nýju. Tilkynna ber sjóðnum um breytta hjúskaparstöðu. Barnalífeyrir er greiddur framfæranda til 18 ára aldurs. Barnalífeyrir í A-deild LSR er greiddur til 22 ára aldurs og ber framfæranda að upplýsa sjóðinn um bankareikning barna sem hafa náð 18 ára aldri. Makalífeyrir er greiddur að hámarki fjögur ár aftur í tímann frá því að umsókn barst sjóðnum. Verði lífeyrir ofgreiddur áskilur sjóðurinn sér fullan endurkröfurétt. Vinsamlegast athugið að umsókn þessi verður áframsend á aðra lífeyrissjóði þar sem kann að vera réttur á makalífeyri.

Dagsetning undirskriftar

Undirskrift umsækjanda